

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. ágúst 2010
Tilvísun: UST20100800046/ksj

Ökugerði á motopark svæðinu í Reykjanesbæ. Fyrirspurn um matsskyldu

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 13. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin "Ökugerði á motopark svæðinu í Reykjanesbæ", skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrirhuguð er uppbygging á ökugerði í Reykjanesbæ sunnan vegamóta Reykjanesbrautar og Grindavíkurvegar á svæði sem er skipulagt sem akstursíþróttasvæði. Tilgangur með framkvæmdinni er að koma upp æfinga- og kennslusvæði í samræmi við kvaðir í 26. gr. reglugerðar 501/1997 um ökuskírteini.

Fyrirhuguð framkvæmd

Ökugerðið sem um ræðir er á um 8 ha svæði. Aðkoma að svæðinu verður frá Grindavíkurvegi. Í ökugerðinu vera eftirtaldar æfingabrautir: Svigbraut með keilum, „Pop up“ braut til að æfa viðbrögð, malbikaður vegur með malarköntum, bein hálkubraut fyrir hemlunaræfingar lengd 160 m, hálkubraut í beygju, hálkubraut í 10 % halla og malarbraut. Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði fjölnota aksturssvæði sem bjóði m.a. kennslu, æfingaakstur, prófun á tækjum á búnaði, kynningar og rannsóknir á slysum.

Staðhættir

Í umfjöllun um staðhætti kemur fram að fyrirhuguð framkvæmdasvæði er óbyggt en talsvert raskað vegna jarðvegsvinnu. Einnig kemur fram að landið einkennist af sléttu, mosavöxnu og lítt grónu hrauni. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 eru eldvörp, gervígígar og eldhraun, jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Af nýlegri loftmynd að dæma má greina að vegagerð skv. deiliskipulagi svæðisins er hafin og bendir Umhverfisstofnun á nauðsyn þess að hraun sé skilið eftir ósnortið þar sem þess er kostur. Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. loftmynd er efnistökusvæði suðvestan motopark-svæðisins og átelur stofnunin óþarfa rask sem orðið er suður af efnistökusvæðinu, en raskið nær að línuvegi sem er sunnan við námuna. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt þegar framkvæma á á svæði þar sem eru

nútímahraun, að vel sé hugað að því að láta hraun njóta sín á milli framkvæmdasvæða eins og kostur er, en með óþarfa raski er komið í veg fyrir slíkt.

Hljóðvist

Að mati Umhverfisstofnunar er umfjöllun um hljóðvist á svæði ökugerðis óljós, en sagt er að hávaði frá ökugerði vegna aksturs ökutækja liggja ekki fyrir þar sem ákveðin óvissa sé um umfang starfseminnar. Samt sem áður er fullyrt að hávaði frá ökugerði verði minni en frá fyrirhugaðri go-kart akstursbraut sem staðsett verður vestur af ökugerðinu, án þess að skýra það nánar. Fram kemur að ólíklegt er talið að útivistarsvæðið í Sólbrekkum sem liggur í um 1 km fjarlægð í suðurátt frá væntanlegu ökugerði verði fyrir áhrifum vegna hávaða frá ökugerði, en það skortir rökstuðning og umfjöllun um hvers vegna það er talið ólíklegt.

Áhrif á grunnvatn


Þar sem eldsneyti, hættuleg efni og spilliefni verða mögulega geymd á svæðinu, í mjög litlum mæli þó, telur Umhverfisstofnun mikilvægt að strax verði sett ákvæði um umgengnisreglur og frágangskröfur vegna geymslu slíkra efna. Þetta er mikilvægt að mati stofnunarinnar enda kemur fram í skýrslunni að grunnvatnsstraumar frá fyrirhuguðu akstursíþróttasvæði liggja að grannsvæði vatnsbóls í Vogavík.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að setja óbyggjandi reglur um meðferð eldsneytis og annarra spilliefna og tryggja að þau fari ekki undir neinum kringumstæðum í grunnvatn. Einnig telur stofnunin nauðsynlegt að eldhraun fái að njóta sín innan framkvæmdasvæðis eins og kostur er. Rökstyðja þarf betur hvers vegna það er talið ólíklegt að útivistarsvæði í Sólbrekkum verði fyrir áhrifum vegna hávaða og rökstyðja fullyrðingu um að áhrif hljóðvistar frá Ökugerði muni verða minni en áhrif frá væntanlegri go-kart braut. Ef ofangreind atriði verða uppfyllt telur Umhverfisstofnun ekki líkur á að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

